

SÚÐAVÍKURHREPPUR

FUNDARGERÐ

19. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR, KJÖRTÍMABILÍÐ 2018-2022

Árið 2019, föstudaginn 8. nóvember kl. 8:30, var haldinn fundur í sveitarstjórn Súðavíkurhrepps í fundarsal Álftavers, Grundarstræti 1.

Mætt voru Samúel Kristjánsson, Elsa G. Borgarsdóttir, Jóhanna Kristjánsdóttir, Ragnheiður Baldursdóttir og Elín Gylfadóttir.

Bragi Þ Thoroddsen, sveitarstjóri, ritaði fundargerð.
Fundur settur klukkan 8:30.

Samúel Kristjánsson bauð viðstadda velkomna, setti fundinn og athugaði með lögmæti fundarins.

Oddviti bauð fundarmönnum að ganga til umræðu um fyrsta lið á dagskrá.

Dagskrá:

1. Umræður um fjárhagsáætlun Súðavíkurhrepps 2020 – fyrri umræða.
Fyrri umræða fjárhagsáætlunar fyrir 2020 tekin og áætlað að seinni umræða klárast 29. nóvember.
2. Vegagerð - minnisblað til umræðu.
Leitað verði eftir samstarfi með Vegagerðinni í að klára þau atriði sem er að finna í minnisblaði og áður hefur verið rætt í sveitarstjórn. Sveitarstjóra falið að fylgja eftir og semja við Vegagerðina.
3. Húsnæðismál – áhugakönnun meðal verktaka.
Ákveðið að ganga til samninga við Hrafshól ehf. um uppbyggingu húsnæðis samkvæmt samningi og verðkönnun/áhugakönnun. Sveitarstjóra falið að ganga til samninga við þá.
4. Fundargerðir kynntar - ýmsar.
Fundargerðir staðfestar.
5. Skýrsla sveitarstjóra.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 13:00


Elín Gylfadóttir


Elsa G. Borgarsdóttir


Jóhanna Kristjánsdóttir


Ragnheiður Baldursdóttir

Samúel Kristjánsson
oddviti

